

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1107  
komudagur 9.3.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

6. mars 2009

A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis frá 4. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Ríkisendurskoðunar um eftirgreind þrjú frumvörp:

1. Frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 356. mál. Markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum og tilteknum einkahlutafélögum sem og að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum þessara félaga.
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, 358. mál. Frumvarpinu er ætlað að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins með því að veita því heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gert er ráð fyrir að sambærileg heimild í lögum verðbréfavíðskipti verði felld niður.
- X 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða fjármáلامarkaði, 359. mál. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að bætt verið inn í ýmis lög er varða fjármáلامarkaðinn ákvæðum um niðurfellingu, þ.e.a.s. að milda eða fella niður að fullu viðurlög þegar fyrirtæki eða einstaklingar gefa sig fram sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila að rannsókn máls.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreind frumvörp.